

Nd.

724. Frumvarp til laga

[7. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

4. gr. hljóðar svo:

Hreppsþókasöfn starfa í hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárfamlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sam-einast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.

8. gr. hljóðar svo:

Lágmarksfjárfamlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

- a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.
- b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- d) Til hreppsþókasafns greiðir viðkomandi hreppsþjóður (hreppsþjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárfamlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur sveitarstjórn ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli félagsmálaráðuneytið með undanþágu hverju sinni.

9. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélög reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum, eftir því sem fé er til veitt. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

10. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneytinu annast málefni safnanna, og skal að öðru jöfnu ráða eða skipa í það starf bókasafnsfræðing með reynslu í starfi. Nánari ákvæði um starfsundirbúning hans og starfssvið skal setja í reglugerð. Heimilt er ráðherra að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningsbókasafni.

11. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

12. gr. hljóðar svo:

Við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar- og héraðsbókasöfn skal forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingur.

Einnig skulu bókasafnsfræðingar að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavardarstarfa.

Nánari ákvæði um menntun og starfsundirbúning starfsmanna almenningsbókasafna skal setja í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal reglugerðin samín í nánú samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að höfðu samráði við sérstaka fulltrúa Bókavardafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga, einn frá hvoru félagi.

14. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá 1. jan. 1976 að telja.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.